

# Ambiance Deep Matt

## Djúpmött innimálning



### Efnislýsing

Ambiance Deep Matt er hágæða, almött innanhússmálning. Hún hefur afburða þekju og einstaklega fallega og jafna áferð. Hún myndar dempað yfirborð og hefur dýpt sem undirstrikar litinn í rýminu. Auðvelt er að þrifa Ambiance Deep Matt þrátt fyrir fallega matt yfirborðið. Hún þekur sérstaklega vel enda byggir hún á nýrri tækni; High Density Color Technology. Flotið er gott og því auðvelt að mála með henni. Ambiance Deep Matt hentar afar vel í alrými og svefnherbergi á nær allar gerðir undirlags innandyrna. Má einnig fara á loft, sem er góð laus þegar mála á vegg og loft í sama lit, sérstaklega þegar loftmálningin þarf að vera í dökkum lit.



### Meðhöndlun

#### Nýmálun

1. Hreinsið laust spartl, gífsleifar og ryk. Tryggið að flöturinn sé laus við fitu og önnur óhreinindi.
2. Spartlið flötinn ef þörf krefur.
3. Grunnið ómálaða fleti með einni umferð af Professional Microdispers eða Professional Grund+ áður en málað er.
4. Málið 1-2 umferðir af Ambiance Deep Matt.

#### Endurmálun

1. Óhreina málaða fleti skal þvo með Original Málartvätt og vatni. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Þvegna kalkmálaða fleti, sem og annað lausbundið undirlag, skal grunna með Professional Microdispers áður en málað er.
2. Spartlið flötinn ef þörf krefur. Blettgrunnið spartlaða fleti með Professional Grund+.
3. Málið 1-2 umferðir af Ambiance Deep Matt.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Bindiefni:** Akrýlþeyta

**Gljástig:** Almatt 3%

**Snertipurtt við 23°C og 50%RF:** 1 klst

**Yfirmálun 23°C og 50%RF:** 2 klst

**Lágmarkshiti við málun:** Minnst +10°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málingarsprautur

**Þekja:** 8-10 m<sup>2</sup>/l

**Umbúðir:** 1, 2,5 og 10 lítra dósir

**Litir:** Allir litir

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l.):**

Inniheldur mest 1 g/l

#### Umhverfivottanir

Ambiance Deep Matt er vottað af Svaninum.

Leyfisnúmer 3096-0003. Sjá nánari

upplýsingar á [www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)

